

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Dvalarheimilisins Höfða á Akranesi.

1. gr.

Stofnaðild o.fl.

Gjafasjóður Dvalarheimilisins Höfða á Akranesi, í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn, var stofnaður þann 16. september 1997 af stjórn Dvalarheimilisins Höfða á Akranesi. Hann starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun en hefur ekki með höndum atvinnurekstur í skilningi laga nr. 33/1999 og fellur starfsemi hans því ekki undir þau lög.

Heimili sjóðsins er að Sólmundarhöfða, 300 Akranesi. Sjóðurinn á varnarþing fyrir héraðsdómi Vesturlands í Borgarnesi.

2. gr.

Markmið.

Markmið með stofnun sjóðsins er að ráðstafa gjafafé er sjóðnum berst, einkum með því að kaupa tæki og búnað sem nýtist heimilisfólki á dvalarheimilinu með sem beinustum hætti, svo sem með kaupum á stoðtækjum, húsbúnaði og munum til dægrastyttingar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins. Sjálfkrafa endurnýjun stjórnar. Endurskoðun reikninga.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skulu það vera þeir sem á hverjum tíma skipa stöðu framkvæmdastjóra dvalarheimilisins, hjúkrunarforstjóri þess og forstöðukona heimilisins. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum formanns, gjaldkera og ritara. Formaður kemur fram fyrir hönd sjóðsins og er forsvarsmáður hans á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Ritari annast færslu fundargerða og varðveislu þeirra gagna og skjala er sjóðnum berast.

Stjórnin tekur ákvarðanir á fundum sínum og skal haldin gerðabók um alla fundi og bóka skilmerkilega þær ákvarðanir er teknar eru.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda sem stjórn sjóðsins velur til þess verks og sendir Ríkisendurskoðun fyrir 30. júní ár hvert, ásamt skýrslu stjórnar sjóðsins.

4. gr.

Stofnframlag. Eigið fé.

Eigið fé sjóðsins, þ.e. stofnfé og þeir fjármunir sem sjóðnum hafa borist frá stofnun er nú kr. 51.249.555.

5. gr.

Frekari framlög.

Sjóðurinn skal öllum opinn fyrir frekari fjárframlögum frá þeim er vilja veita markmiðum hans brautargengi. Stjórnin skal leitast við að verða við fyrirmælum gefanda um sérgreinda ráðstöfun gjafar hans, enda sé það í samræmi við megintilgang sjóðsins.

6. gr.

Ráðstöfun fjár.

Framlög úr sjóðnum skulu annars vegar veitt samkvæmt umsóknum um framlög úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins er hins vegar heimilt að ráðstafa fjármagni að eigin frumkvæði til málefna er vakið hafa athygli hennar og teljast vera í þágu þess tilgangs sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar stofnskrár.

7. gr.

Ávöxtun fjár.

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta með tryggum hætti. Stjórninni er heimilt að fela löggiltu verðbréfafyrirtæki eða viðskiptabanka að sjá um þennan þátt en ávallt skal þó fjárfestingarstefna borin undir stjórn til samþykktar fyrirfram. Heimilt skal að ávaxta í áhættusömum eignum allt að 10% af eignum sjóðsins á hverjum tíma.

8. gr.

Rekstur sjóðsins. Niðurfelling sjóðsins.

Sjóðurinn skal starfræktur í samræmi við markmið sín þangað til stofnaðili ákveður að leggja hann niður. Skal þá þeim fjármunum sem til reiðu eru ráðstafað í samræmi við markmið sjóðsins.

9. gr.

Niðurfelling eldri reglna. Breytingar.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað „Reglugerðar fyrir gjafasjóð Dvalarheimilisins Höfða“, sem staðfest var á fundi stjórnar Höfða þann 16. september 1997, en fellur nú niður. Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt af stjórn Dvalarheimilisins Höfða. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á þeirri breytingu.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. júní 2006.

F. h. r.

Haukur Guðmundsson.

Bryndís Helgadóttir.